

25.fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn í Ármúla 13, Akkur, föstudaginn, 14. febrúar 2025, kl. 12.00-13.30

Fundinn sátu:

Sævar Birgisson, Eva Jósteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Hilmar Tómas Guðmundsson, Elísabet Sveinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir (TEAMS), Guðbjörg Oddný Jónasdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fjarverandi: Jakob Einar Jakobsson

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 24. fundar 24. janúar 2024

Undirrituð og samþykkt.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur

Sagt frá helstu málum s.s. nýjum aðildarfélögum, tilnefningum Markaðsstofa landshlutanna í starfshóp hjá ráðuneytinu um álagsstýringu, morgunspjalli með vin sem gekk afar vel þann 7. febrúar þar sem yfir 40 manns mættu, Út um allt vefnum en 5000 manns hafa heimsótt vefinn á fyrstu viku og nærri 400 manns komnir á samfélagsmiðlum. Stefnumráðsfundur í vikunni gekk vel og mynduðust m.a. góðar umræður um sjálfbærni verkefni í tengslum við áfangastaðinn. Rætt var um að senda erindi á svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins varðandi tjaldsvæðin. Ásamt því að hafa samband við SSH varðandi sólmyrkvann.

3. Drög að samningi við sveitarfélögin 2026-2028

Samþykkt að breyta orðlagi um hlutverk stofunnar og þar bætt við skáletruðu: Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins þróar og markaðssetur áfangastaðinn í heild. Áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka gjaldeyristekjur *með sjálfbærni að leiðarljósi*.

Að öðru leyti voru drögin að samningnum samþykkt til þess að senda til SSH og setja í formlegt ferli.

4. Út um allt samningur 2025-2028

Farið yfir samning við SSH um rekstur og umsýslu á vefnum utumallt.is Á árinu fengust 4.5 mkr. en farið verður árlega yfir rekstrarþörf og fjárhagsáætlun með SSH í ágúst ár hvert skv. samningi.

5. Sjálfbærni, loftslagsmál & GDS Index

Farið var yfir GDS indexinn og þá vinnu sem er búið að kortleggja sem að markaðsstofan gæti gert til þess að vinna að settu markmiði um að verða á topp 10 listanum 2027. Stjórnin óskaði eftir því að það yrði metið vel hvert og eitt verkefni og umfang þeirra.

6. Aðildarmál

Farið var yfir umræðu sem átt hefur sér stað um auka vörumerki í skráningu í aðild í stofuna en málið var bæði til umræðu á stefnumráðsfundi og sérstökum rýnifundi með fyrirtækjum. Skráningin og aukagjöldin eru staðfest en munu ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2026.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13.20.